

Rangárþing eystra
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 14. júní 2018
UST201805-105/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag -tillaga - Hamragarðar – Seljalandsfoss – Rangárþingi eystra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á svæði Hamragarða og Seljalandsfoss.

Markmið

Umhverfisstofnun tekur undir markmið og telur þau jákvæð.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð eru Seljalandsfoss, Gljúfrabúi og hamranir milli þeirra, svæði nr. 720 á náttúruminjaskrá. Ljóst er að það er landslagsheildin sem vert þykir að vernda, þ.e. fossarnir og svæðið umhverfis og milli þeirra. Umhverfisstofnun tekur undir það að sjónlína frá Suðurlandsvegi að Seljalandsfossi er mikilvæg og að forðast er að staðsetja mannvirki á sjónsvið frá vegi á 350 m vegkafla.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir markmið sveitarfélagsins að lágmarka eins og unnt er jarðrask og átroðning af völdum ferðamanna.


Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við breytingu á legu Þórsmurkurvegjar er fram kemur í ofangreindri tillögu. Umhverfisstofnun tekur undir þá sviðsmynd sem lögð er til í deiliskipulagstillögunni en bendir þó á að í umfjöllun um sviðsmynd A segir að bílastæði verði flest við þjónustumiðstöð og að bílaumferð dragist saman við fossinn. Umhverfisstofnun bendir einnig á að á uppdrætti eru leiðir að fossi sýndar sem stígar og því er spurningin hvort að einhver bílaumferð eigi að vera um stígana önnur en umferð sjúkrabíla ef nauðsyn ber til og umferð rafskutla með hreyfihamlað fólk. Að mati stofnunarinnar þyrfti umfjöllun um bílaumferð að vera skýrari.




UMHVERFIS
STOFNUN

Að mati Umhverfisstofnunar eru viðaukar yfir landgreiningu og takmarkandi þætti upplýsandi. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að uppfæra uppdrátt með sviðsmynd A sem er í viðauka.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur